

# Ársskýrsla Umf. Hvatar 2020

## **Stjórn aðalstjórnar:**

Auðunn Steinn Sigurðsson, formaður  
Hilmar Þór Hilmarsson, varaformaður  
Valgerður Hilmarsdóttir, gjaldkeri  
M. Berglind Björnsdóttir, ritari  
Sædís Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

## **Stjórn Frjálsíþróttadeildar:**

Ebba Unnsteinsdóttir,  
Ingvar Sigurðsson,  
Steinunn Hulda Magnúsdóttir,  
Viktoría Björk Erlendsdóttir.

## **Stjórn Sunddeildar:**

Guðrún Björk Elísdóttir, formaður  
Ingunn María Björnsdóttir, gjaldkeri  
Matthildur Birgisdóttir, ritari

## **Stjórn Körfuboltadeildar:**

Lee Ann Maginnis, formaður  
Guðrún Björk Elísdóttir,  
Lea Amlín Sigurðardóttir,

## **Stjórn Knattspyrnudeildar:**

Heiðar Þórisson, formaður  
Erla Ísafold Sigurðardóttir, gjaldkeri  
Heimir Garðarsson, meðstjórnandi  
Birna Ágústsdóttir, meðstjórnandi  
Brynhildur Erla Jakobsdóttir, meðstjórnandi



## **Inngangur frá aðalstjórn Hvatar**

Það er óhætt að segja að árið 2020 hafi ekki verið mjög hefðbundið ári í starfsemi Hvatar líkt og undanfarin ár. Megin ástæða þess er heimsfaraldurinn Covid-19. Þrátt fyrir mjög erfitt starfsumhverfi með alls kins boðum og bönnum stjórnvalda landsins tókst að halda úti starfi félagsins en þó með nokkuð breyttu sniði. Starf aðalstjórnar Hvatar hefur undanfarna áratugi aðallega falist í því að sjá um samningagerð við Blönduósbæ en samstarfssamning þann sem gilt hefur síðastliðin þrjú ár átti að endurnýja á árinu 2020 en var frestað til áramóta vegna heimsfaraldursins. Aðalstjórnin sér um rekstur vallarhúss, skrifstofu, skiptingu sameiginlegra tekna o.fl.

## **Starf frjálsíþróttadeildar Hvatar**

### **Æfingar**

Æfingar voru haldnar fyrir 10 ára og eldri þ.e. 5. bekk og upp úr, 2x í viku allt árið með smá hléi á vorönn og haustönn vegna covid. Þjálfarar frá janúar til maí voru Rúnar Pétursson og

Steinunn Hulda Magnúsdóttir en Ingvar Björnsson var í kallfæri ef á þurfti að halda. Um sumarið (júní til ágúst) þjálfaði Steinunn Hulda og henni innan handar voru Þóra Karen Þorleifsdóttir og Krístrún Hilmarsdóttir. Frá ágúst til desember voru það Rúnar og Steinunn Hulda sem sáu um æfingar. Covid19 gerði það að verkum að samtals þurftum við að fella niður æfingar í 2 - 3 mánuði, á þeim tíma nýttum við okkur tæknina en 2 hlaupa/þrekæfingum var skutlað inn á samskiptaforritið snapchat því gátu iðkendur tekið æfingu ef áhugi var fyrir því.

Farnar voru þrjár ferðir yfir á Sauðárkrók í heimsókn til UMSS þar sem Friðrik Hrafn stjórnaði æfingu, þessar ferðir gengu vel og höfðu krakkarnir gagn og gaman af að komast í svona flotta aðstöðu eins og er á Sauðárkróki. 2 námskeið voru haldin fyrir börn í 1. - 3. bekk. Um var að ræða rúmlega fjögurra vikna námskeið í krakka frjálsum, fín þátttaka var á námskeiðunum. Þjálfarar voru Jóhanna Björk Auðunsdóttir, Unnur Borg og Dögun Einarsdóttir og stóðu þær sig vel.

Vorið 2020 og veturinn 2020 bauð frjálsíþróttadeildin sínum iðkendum að æfa Metabolic frítt undir stjórn Erlu Jakobsdóttur. Gafst það vel til en mikilvægt er fyrir þessa krakka að æfa styrk með fram tækni í frjálsum.

Í byrjun sumars tóku 10 vaskir einstaklingar úr deildinni sig til og gerðu langstökkssvæðið og kúluvarpssvæðið fínt fyrir sumarið. Kunnum við öllum þeim sem tóku þátt bestu þakkir fyrir.

## Mót

Fyrsta mót ársins var Stórmót ÍR, áttum við þrjá keppendur á því móti þær Ísól Kötlu, Unni Borg og Önnu Lottu, stóðu þær sig allar vel en Ísól Katla varð í 1. sæti í 800m hlaupi á 2:58:00 og Unnur Borg í 2.sæti í langstökki, stökk 4.42m

Meistaramót Íslands 11-14 ára var haldið á Sauðárkróki. Keppendur frá Hvöt voru þær Aðalheiður Ingvarsdóttir (Umf. Geislar en æfir hjá Umf Hvöt), Ari Ingvarsson (Umf Geislar en æfir hjá Umf Hvöt), Harpa Katrín Sigurðardóttir (Umf Geislar en æfir hjá Umf. Hvöt) og Unnur Borg Ólafsdóttir. Aðalheiður varði Íslandsmeistara titilinn í spjótkesti, kastaði 30.66m (pb). Unnur Borg var í 3 sæti í 80m grind, hljóp á 13.73 (pb), var í 3.sæti í langstökki, stökk 4.73m (pb) og í 3. sæti í spjótkesti, kastaði 27.35m (pb). Harpa Katrín var í 2. sæti í spjótkesti, kastaði 17.94m (pb) og gerði pb í kúluvarpi.

Héraðsmót USAH var haldið á Blönduósvelli og var gòð þátttaka frá okkur. Sigrudum við heildarstigakeppnina með 601,5 stig en á eftir okkur komu Umf. Fram með 399,5 stig. Umf Hvöt átti 7 stigahæstu einstaklinga í sínum aldursflokki, stigahæstu konuna á minningarmóti Þorleifs Arasonar auk stigahæsta einstaklinginn í samanlögðum stigum í kastgreinum. Að móti loknu bauð deildin upp á þítsaveislu fyrir keppendur og starfsmenn Hvatar.



Sumarleikar HSP voru haldnir á Laugum í Þingeyjarsýslu helgina 11. - 12. júlí. Keppendur frá Hvöt voru Gabríel Ási og Rúnar Snær í pollaflokki, Adam í flokki 10. - 11. ára, Aðalheiður, Óliver Pálmi og Unnur Borg í flokki 14. - 15. ára og Steinunn Hulda í kvennaflokki. Alls

hlutu þau samanlagt 12 verðlaun en Adam var í 1. sæti í spjótkesti, kastaði 24.94m. Aðalheiður var í 2. sæti í spjótkesti, kastaði 27.60m, Unnur Borg var í 2. sæti í 100m hlaupi á 14.08 sek, 1. sæti í 80m grind á 13.91 sek, 1. sæti í langstökki, stökk 4.79m, 2. sæti í kúluvarpi, kastaði 9,26m og 1.sæti í spjótkesti, kastaði 27.60m. Óliver var í 1.sæti í 80m grind, 2. sæti í 800m hlaupi á 2:56,16 og 3. sæti í spjótkesti, kastaði 25.64m. Steinunn Hulda var í 2. sæti í spjótkesti, kastaði 34.68m og 1.sæti í kúluvarpi, kastaði 10.52m. Gerð var skemmtileg helgi úr mótinu en tvær fjölskyldur gistu á tjaldsvæðinu og nutu þess sem þar var í kring.

Aðalfundur var haldinn 10. mars en þá komu ný í stjórn Ingvar Sigurðsson og Viktoría Björk Erlendsdóttir og út fóru Elfa Björk Sturludóttir og Ingvar Björnsson. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Í stjórn frjálsíþróttadeildar sitja Ebba Unnsteinsdóttir, Ingvar Sigurðsson, Steinunn Hulda Magnúsdóttir og Viktoría Björk Erlendsdóttir.

### **Starf Sunddeildar**

Lítið var gert á árinu 2020 þar sem Covid-19 réði ríkjum. Haldið var úti æfingum þegar það mátti. Æfingar voru 3 í viku, 1 sinni fyrir yngri hópinn og 2 sinnum fyrir eldri hópinn. Engin mót voru haldin. Þjálfarar voru Pawel Mickiewicz og honum til aðstoðar var Elís Óli Aadnegard.

### **Starf körfuboltadeildar Hvatar**

Deildin var formlega stofnuð í september 2020 og hefur starfið gengið ágætlega. Helgi Margeirsson sinnti þjálfun á haustönn en nýr þjálfari, Sigurður Bjarni Aadnegard var ráðinn um áramót. Elís Óli Aadnegard er honum innan handar. Covid hefur sett stórt strik í reikninginn í starf deildarinnar en vonandi með hækkandi sól vænkast hagur deildarinnar. Fyrirhugað er minniboltamót, að fá heimsókn frá KKÍ og fleira.

### **Starf knattspyrnudeildar Hvatar**

#### **Almennt**

Mikið og gott starf var unnið á síðasta ári þrátt fyrir skrýtna tíma. Um síðustu áramót réðum við nýjan þjálfara hann Jóhann Magna. Þegar hann var rétt farinn að ná tökum á starfinu og byrjaður á að móta sína stefnu þá skellur á 6 vikna æfingafrí vegna Covid. Þá vissi engin hvaða afleiðingar myndi hafa.

Við reyndum að senda út heimaæfingar og þrautir fyrir hina ýmsu flokka til að vinna að heima fyrir. Tókst það vel til hjá mörgum. Tímamann nýttum við í að vinna okkur í átt að geta fengið stimpillinn fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Til að ná því það þarf til að mynda vera með kennslu og æfingaskrá, siðareglur, jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu o.s.frv. Þannig að þarna eru mörg box sem við þurfum að getað tikkað í til að geta klárað þetta verkefni. En þetta er verkefni sem mun koma knattspyrnudeildinni til góða til margra ára.

Við byrjuðum sumaræfingar mjög snemma þetta árið eða í byrjun maí þar sem ekki mátti æfa inni vegna sóttvarnaráðstafana. Bætum við þá í æfingafjöldann í maí til að reyna að koma á mótis við okkar iðkendur. Æfingar gátu haldist án skerðinga langt fram á haustið þar sem

sóttvarnaraðgerðir stöðvuðu okkur 3 vikur. En síðan fór allt á flug aftur og kláraðist árið með venjubundnum hætti.

### **Yngri flokkar**

Eins og undanfarinn ár hefur aðaláherslan verið á starf yngri flokka Hvatar. En mótamál þeirra voru með frekar óhefðbundnu sniði þetta árið. Ekki komust allir flokkar á Goða og Stefnuþót eins og reynt hefur verið að gera undanfarna vetur vegna Covid. En sumum mótunum var frestað fram á sumar en öðrum í heilt ár. Íslandsmótin hjá 3-5fl. Kk og kvk voru spiluð mikið þéttar en áður hefur verið gert vegna þess hve seint hægt var að fara að keppa aftur. En Farið var á þau mót sem haldin voru síðasta sumar, Orkumótið í Vestmannaeyjum, N1 mótið á Akureyri, Síamótið í Kópavogi. Nokkur mót féllu hreinlega niður vegna samkomutakmarkanna. Samstarf var með Kormák á Hvammstanga og Fram frá Skagaströnd í 3-5. fl kk og kvk nema 4.fl kk þar kom Tindastóll frá Sauðárkrók inn í. Samstarfið gekk upp og ofan þetta sumarið, en var og er verið að leggja í það nokkra vinnu að sniða þá vankanta af sem upp komu síðasta sumar varðandi það.



Ég má til með að nefna það að við vorum með 2 lið í 5fl kvk á Íslandsmóti í sumar og komust bæði lið í úrslitakeppnina og lenti A-liðið í öðru sæti og B-liðið í fjórða sæti, og er það hreint frábær árangur hjá þeim. Ekki má gleyma að hrósa okkar iðkendum fyrir almennt góða stemningu þó hlutirnir og úrslitin hafi ekki alltaf farið eins og lagt er upp með.

### **Meistaraflokkurinn**

Meistaraflokkur Kormáks/Hvatar stóð sig með þryði síðasta sumar. Endaði liði í 4 sæti í umspili fyrir sæti í 3 deild annað árið í röð. Liði var byggt upp á leikmönnum sem hafa tengingu við norð-vesturland en einnig var fenginn liðstyrkur í tveimur erlendum leikmönnum.

### **Smábæjaleikarnir**

Engir Smábæjaleikar voru haldnir þetta árið. Reyndi knattspyrnudeildin fram á síðustu stundu að halda mótið en eftir því sem við áttum fleiri samtöl við þau lið sem höfðu komið undanfarinn ár að þá varð okkur ljóst að mætingin yrði lítil sem enginn og þá stóð okkur ekkert annað til boða en að blása mótið af. Búið var að finna 2 nýja styrktaraðila ásamt SAH, en það voru Efla Verkfræðistofa og Landsvirkjun, en samþykktu þau bæði að færa styrktar aðild sína yfir á árið 2021.

### **Fjárfilanir og styrkir**

Þar sem okkar stærsta tekjulind datt úr þ.e. Smábæjaleikarnir að þá var farið í auknum mæli að leita í aðrar fjárfilanir fyrir deildina. Auk þessar hefðbundnu Wc, eldhúspappír og dósasöfnun fór við í sölu á varning eins og gríum og öðru. Við fengum Covid styrk frá ÍSÍ sem var kærkominn. Einnig reyndum við að sækjum um styrki á fleiri stöðum en okkur hefur orðið lítið ágengt þar til þessa.

### **Annað**

Eins og undanfarinn ár að þá var 1 starfsmaður á Blönduósvelli síðasta sumar og sá hann um alla umhirðu á vallarsvæðinu.

Stjórnin sem var kosinn á síðasta aðalfundi var skipuð  
Heiðar Þórisson Formaður  
Erla Ísafold Sigurðardóttir Gjaldkeri  
Heimir Garðarsson meðstjórnandi  
Birna Ágústsdóttir meðstjórnandi  
Brynhildur Erla Jakobsdóttir meðstjórnandi

Skemmst er frá því að segja að Heimir hætti í stjórninni á vormánuðum vegna persónulegar ástæðna og Brynhildur Erla hætti síðastliðið haust einnig vegna persónulegra ástæðna. Ekki tókst á síðasta ári að fylla skarð þeirra í stjórn knattspyrnudeildar. En það er kannski réttast að minnast á það að án stjórnar getur knattspyrnudeildin ekki starfað, þannig að allir þeir sem eru tilbúnir að stuðla að áframhaldandi starfi og velgengni knattspyrnudeildarinnar eru hvatir til að láta vita af sér og láta ljós sitt skína.

Að lokum viljum þakka öllum okkar styrktaraðilum, foreldrum, iðkendum, velunnurum, starfsfólki, félagsmönnum og stjórn Hvatar kærlega fyrir samstarfið og hjálpina við að sigrast á þeim áskorunum sem árið 2020 var.

### **Lokaorð frá aðalstjórn Hvatar**

Starf ungmennafélagsins byggist aðallega á starfsemi deildanna eins og hefur verið undanfarna áratug en þess skal sérstaklega geta að ný deild tók til starfa á árinu 2020 undir nafni Hvatar en það var körfuknattleiksdeild Hvatar.

Það skal samt taka fram hér og ítreka að ekkert ungmennafélag væri starfandi og héldi velli ef ekki væri hið óeigingjarna sjálfboðaliðastarf iðkenda, foreldra, aðstandenda, stjórna deildanna og einstaklinga sem lagt hafa félaginu lið undanfarin 97 ár sem félagið hefur verið til. Þá ber einnig að þakka Blönduósbæ og þeim fjölmörgu fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum sem stutt hafa dyggilega við bakið á félaginu í gegnum súrt og sætt.

Auðunn Steinn Sigurðsson  
formaður Ungmennafélagsins Hvatar

